

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 442/1994.

Íslenska útvarpsfélagið hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Árnadóttur og

Hans Kristjáni Árnasyni

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Vitni. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1994, sem barst réttinum 7. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 19. október sl., um höfnun kröfu sóknaraðila um skýrslutöku af fjórum mönnum. Kæruheimild er í e-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að láta umbeðnar skýrslutökur fara fram. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Með áfrýjunarstefnum 7. september 1994 hefur sóknaraðili áfrýjað til Hæstaréttar tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. júlí 1994, er varða réttindi samkvæmt starfslokasamningum Ólafs H. Jónssonar og varnaraðilans Hans Kristjáns Árnasonar við Íslenska sjónvarpsfélagið hf., sem gerðir voru árið 1990. Hinn 6. október sl. óskaði sóknaraðili eftir því til skýringar á áðurgreindum starfslokasamningum og með vísan til 76. gr. laga nr. 91/1991, að teknar yrðu munnlegar skýrslur fyrir héraðsdómi af Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Gunnari Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Gunnarssyni og Jóhanni J. Ólafssyni, sem báðir voru stjórnarmenn í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., þegar samningarnir voru gerðir. Í áfrýjunarstefnunum 7. september sl. lýsir sóknaraðili yfir

þeirri ákvörðun sinni að leita eftir þeim skýrslutökum, er kærumál þetta lýtur að.

Ákvörðun um, hvort byggt verði á þeim skýrslum, er sóknaraðili hyggst afla með þeim hætti, sem hér er til skoðunar, verður fyrst tekin við efnisúrlausn ofangreindra hæstaréttarmála. Á hún ekki undir héraðsdómara, sem leitað er til um gagnaöflun. Því verður sóknaraðila á þessu stigi eigi varnað að afla munnlegra skýrslna fyrir héraðsdómi vegna hinna áfrýjuðu mála. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka skýrslur af áður nefndum fjórum mönnum.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka munnlegar skýrslur samkvæmt kröfu sóknaraðila, Íslenska útvarpsfélagsins hf., af Gesti Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni, Stefáni Gunnarssyni og Jóhanni J. Ólafssyni.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1994.

Hinn 21. júlí sl. voru kveðnir upp dómur í málunum nr. E-9278 og 9279/1993, sem Guðrún Árnadóttir og Hans Kristján Árnason höfðuðu á hendur Íslenska útvarpsfélaginu hf.

Í greinargerðum stefnda í málum þessum, Íslenska útvarpsfélagsins hf., var áskilinn réttur til „að tilgreina vitni á síðari stigum og leiða þau“. Við aðalmeðferð leiddi lögmaður stefnda engin vitni.

Núverandi lögmaður stefnda hefur óskað eftir því, að teknar verði skýrslur af fjórum vitnum „til þess að fá sem skýrasta mynd af efnisákvæðum“ samningsins, sem um var deilt í framangreindum málum. Hann hefur áfrýjað dómunum til Hæstaréttar og mun væntanlega leggja þær þar fram.

Lögmaður stefnenda í framangreindum málum, Guðrúnar og Hans Kristjáns, hefur mótmælt því, að þessar skýrslur verði teknar, og krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Af gögnum málanna sést, að vitni þessi komu við sögu samningsgerðarinnar, og hefur gögnum frá þeim ekki verið mótmælt sem óstaðfestum.

Það er álit dómsins, að vitni þau, sem lögmaður stefnda vill nú fá teknar skýrslur af fyrir dómi, hefði átt að leiða við aðalmeðferð málsins, enda var þá vitað, hver þáttur þeirra við samningsgerðina var. Þáverandi lögmaður

stefnda taldi hins vegar ekki þörf á því, og núverandi lögmaður stefnda hefur ekki upplýst, að neitt nýtt sé fram komið, er geri það nauðsynlegt að yfirheyra þessi vitni. Af beiðni hans verður ekki annað ráðið en þau eigi að spyrja almennt um samninginn. Þá er og á það að líta, að héraðsdómur var skipaður tveimur sérfróðum meðdómsmönnum, er munu ekki taka þátt í meðferð vitnamálsins og leggja þar af leiðandi engar spurningar fyrir vitnin á sama hátt og þeir lögðu fyrir vitni stefnenda við aðalmeðferð. Verður ekki annað séð en það muni raska verulega jafnræði aðila að leyfa stefnda nú að leiða vitni, er ekki verða spurð á sama hátt og vitni stefnenda við aðalmeðferð, enda ljóst, að í yfirheyrslum vitnamáls eru lögmenn einir um að spyrja, þar eð merkingarlaust er fyrir dómara að spyrja við yfirheyrslur máls, er þegar hefur verið dæmt.

Samkvæmt framanrituðu verður að synja beiðni um að yfirheyra vitni í framangreindum málum, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er beiðni Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. um, að teknar verði skýrslur af fjórum vitnum í málunum nr. E-9278 og 9279/1993.

Málskostnaður fellur niður.
